

Mál nr. 191/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna dómsmáls til heimtu bóta fyrir líkamstjón af völdum vinnuslyss.****Gögn.**

92. Málskot, móttakið 10.5.2011, ásamt fylgigögnum.

93. Bréf X, dags. 23.5.2011.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi í nóvember 2008. Henni hefur verið synjað um skaðabætur vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. Hyggst hún því höfða dómsmál á hendur vinnuveitanda sínum og vátryggjanda hans til heimtu bóta. M hefur fjölskyldutryggingu hjá vátryggingafélaginu X sem innifelur m.a. sérstaka málskostnaðartryggingu. M hefur tilkynnt um fyrirhugaðan málarekstur til X í því skyni að fá málskostnað greiddan úr vátryggingunni vegna málarekstursins. X hefur hafnað málaleitan M með vísan til gr. 25.6 í skilmálum vátryggingarinnar, en samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. M vill ekki una synjun X og ber fyrir sig að umrætt skilmálaákvæði sé ólöglegt skv. reglugerð nr. 99/1998 um réttaraðstoðarvátryggingar, að ákvæðið standist ekki ófrávíkjanleg ákvæði II. hluta laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga sem fjallar um persónutryggingar, sbr. 63. gr. laganna, hún starfi ekki lengur hjá þeim vinnuveitanda þar sem hún var í vinnu er hún slasaðist og loks sé umrætt ákvæði svo óljóst að það beri að túlka henni í hag, sbr. neytendaákvæði samningalaga, sbr. lög nr. 14/1995.

Álit.

Fyrirhugað dómsmál er til komið vegna vinnuslyss sem M varð fyrir og mun verða höfðað á hendur fyrrum vinnuveitanda hennar og vátryggjanda hans. Er þannig ljóst að krafa M á hendur X er vegna málskostnaðar sem er í tengslum við atvinnu hennar. Málskostnaður eins og hér um ræðir er því undanþeginn greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingunni, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 25.6 í skilmálunum. Ekki verður séð að ákvæði reglugerðar nr. 99/1998 um réttaraðstoðarvátryggingar eða ákvæði II. hluta laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 haggi þessari niðurstöðu. Ekki verður heldur séð að orðalag skilmálanna sé svo óljóst í þessu sambandi að niðurstaða málsins eigi að vera önnur. Þá getur heldur ekki skipt máli þótt M starfi ekki lengur hjá viðkomandi vinnuveitanda.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 14. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.